

Nd.

301. Frumvarp til laga

[25. mál]

um dvalarheimili aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. febr.)

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra eru ætluð öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis.

2. gr.

Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

3. gr.

Beiðni til ráðherra til rekstrarleyfis samkvæmt 2. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu af húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna og með hvaða kjörum.

Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

4. gr.

Heilbrigðisyfirvöld annast eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimilis og skulu í því sambandi ætíð eiga greiðan aðgang að stofnunum, sem um getur í þessum lögum.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um búnað húsa, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og um starfslið dvalarheimilis.

6. gr.

Rekstur dvalarheimilis skal lúta stjórn 3 eða 5 manna, skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vistmönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin ræður forstöðumann heimilisins og heimilislækni, og skal þeim heimil seta á stjórnarfundum með tillögurétti og málfrelsi.

7. gr.

Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

8. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Ársreikningar dvalarheimila skulu ætíð sendir ráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn dvalarheimilis ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns.

10. gr.

Þau dvalarheimili, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háð ákvæðum þeirra.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.